

Samningur um Evrópska efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 46/97
frá 11. júlí 1997

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96 frá 29. febrúar 1996⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/95 frá 31. maí 1995 um aðra breytingu á reglugerð (EBE) nr. 586/93 um undanþágu varðandi magn rokgjarnrar sýru í tilteknum vínnum⁽²⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1278/95 frá 6. júní 1995 um þriðju breytingu á reglugerð (EBE) nr. 586/93 um undanþágu varðandi magn rokgjarnrar sýru í tilteknum vínnum⁽³⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 41. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 586/93) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

- „- 395 R 1243: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/95 frá 31. maí 1995 (Stjtið. EB nr. L 121, 1. 6. 1995, bls. 64).
- „- 395 R 1278: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1278/95 frá 6. júní 1995 (Stjtið. EB nr. L 124, 7. 6. 1995, bls. 4).“.

(¹) Stjtið. EB nr. L 102, 25. 4. 1996, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 11, 25. 4. 1996, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. L 121, 1. 6. 1995, bls. 64.

(³) Stjtið. EB nr. L 124, 7. 6. 1995, bls. 4.

2. gr.

Í aðlögunarlið við 41. lið í 1. viðbæti við bókun 47 komi orðin „e-liður 1. gr. gildir ekki” í stað orðanna „d-liður 1. gr. gildir ekki”.

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/95 og 1278/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 11. júlí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner